

Stjórnafundur Fjár-og hjarðhundadeildar haldin 31.01.17

1. Mættir voru á fundinn Svanborg, Stella Sif, Birna og Hilmar
2. Stjórn Fjár og hjarð tók sameiginlega þá ákvörðun að halda ekki Deildarsýningu Fjár-og hjarð í ár þar sem HRFÍ færði til sína sumarsýningu sem haldin hefur verið undanfarin ár í lok júlí en færðu nú til lok júní. Júní mánuður hefur verið hefur verið sá mánuður sem deildir í HRFÍ hafa getað og reiknað með halda sínar útisýningar.
3. Stjórn Fh ákvað stjórnarfund með tengliðum deildar viku á undan ársfundi, áætlað er að halda ársfund í lok mars.
4. Hilmar ætlar að senda t-póst á alla tengiliði deildar og óska eftir ársskýrslu fyrir 2016.
5. Aðventu og uppskeruhátíð sem var haldin 25. Nóvember. Farið yfir framkvæmd og hvað betur hefði mátt gera varðandi mætingu félagsmann á hátíðinna, Svana fór yfir uppgjör á valhappadrætti og reglu um stigagjöf fyrir stigahæðstu hunda hverra tegunda deildarinnar.
6. Heimasíðan Fjár-og hjarðhundadeildar smalar.net var rædd og Stella Sif stjórnarmaður er að vinna í henni og koma aftur inn efni hennar sem hafði verið tekið út af henni.
7. Fundagerðir síðan okt. 2016 Stella Sif sendi hana á Stjórn.
8. Hilmar mætti á fulltrúaráðsfund HRFÍ fyrir hönd deildar. Stjórnarmenn Fh. upplýstir um málefni fundarins, þar voru ýmis málefni félagsins rædd. Fulltrúar deilda voru beðnir um að upplýsa um starf deilda á liðu ár og hvað væri framundan Fulltrúi Fh. gagnrýndi þar þá ákvörðun stjórn HRFÍ að gera breytingar á dagsetningu sumarsýningar.
9. Farið var yfir gögn úr Eðlis og Smalaprófinu sem Fjá-og hjarðhundadeild hélt að Skálum í Grímsnesi sl.nóvember 2016. Þar voru skráðir í Smalaeðlispróf 4. Border Colie og 2. Australian shepherd hundar, í Fjárhundavinnupróf voru skráðir 2. Border colie hundar.
10. Stella Sif ætlar að skoða hvort / hvar við getum haldið námskeið í hunda nuddi á næstunni og einnig hugsanlega aðra fyrirlestra fyrir félagsmenn Fh.
11. Áætlað er að halda hina árlegu hundagöngu og hitting í vor hjá Svönu í Miðdal í Kjós.
12. Birna ætlar að koma með tillögu um að breyta stigagjöf fyrir stigahæðsta hund hverrar tegundar þannig að ekki er verið að verðlauna hunda í tegund með 0 stig.
13. Breyting varð á stjórn deildar Fjár-og hjarð á starfsárinu þegar Kristlaug Elín (Dóttla) formaður sagði sig úr stjórn deildar og sem formaður. Hilmar Sigurgíslason tók að sér starf formanns stjórnar Fjár- og hjarðhundadeildar fram yfir Ársfund 2017.

Fh. Fjár og hjarðhundadeildar

Hilmar Sigurgíslason